

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast virðisaukaskattur og orkuskattur.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig gjaldskrár er 25°C.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

- | | |
|--------------------------------------|--------------------|
| a) Orkugjald skv. orkumæli | kr. 3,20 pr. kWst. |
| b) Orkugjald skv. orkumæli sundlauga | kr. 1,60 pr. kWst. |
| c) Lokunargjald | kr. 9.130 |

Atvinnustarfsemi sem notar meira 10.006.000 kWst. per fasteign/húsveitu á ári er veittur 30% afsláttur af kílóvattstundaverði. Afslátturinn gildir eingöngu þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Hitaveitu Dalvíkur.

3. gr.

Viðskiptavinir skulu greiða fast gjald í forni mælaleigu, gjaldið er daggjald og er breytilegt eftir stærð mæla. Mælaleigan er sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald í kr. á dag</i>
15 mm	43,70
20 mm	58,56
25 mm	87,20
40 mm	109,44
50 mm	137,00
65 mm	154,30
80 mm	174,16
100 mm	196,54

4. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m kr. 438.164

og á m³ þar yfir kr. 551

og á m fram yfir 50 m kr. 9.589

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum um skráningu fasteigna hjá Þjóðskrá Íslands. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimædagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

a. Mjólkurhús/fjós greiðir lágmarksgjald kr. 438.164

b. Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lágmarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 17. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimædagjaldi hitaveitunnar.

5. gr.

Heimædagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2021) í október 2023, 115,7 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimædagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 9.130.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að taka gildi 1. janúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 16/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 21. desember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.